

**Nd.**

**127. Nefndarálit**

[29. mál]

um frv. til laga um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leitað umsagnar um málið hjá eftirtöldum aðilum: skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv.

Jón Skaftason áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Tveir nefndarmanna voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, þeir Gísli Guðmundsson og Sverrir Júlíusson.

Alþingi, 30. nóv. 1964.

Birgir Finnsson,      Pétur Sigurðsson,      Guðl. Gíslason.  
form.                      fundaskr., frsm.  
Lúðvík Jósefsson.      Jón Skaftason.